

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 2002

29. janúar 2002

115

Nr. 66

## REGLUR

### um breytingu (6) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Aftan við lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða í reglum nr. 458/2000 kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 127. gr. reglna þessara er hjúkrunarfræðideild heimilt að víkja frá reglum um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði og ákveða að réttur þeirra stúdenta, sem innrituðu sig til náms á 1. námsári við deildina á haustmíssi 2001, til áframhaldandi náms við deildina ráðist ekki af niðurstöðu samkeppnisprófa í desember 2001. Reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði skulu endurskoðaðar og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júní 2002.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 29. janúar 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

29. janúar 2002

Nr. 67

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000.

#### 1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 9.200 kr. í stað 8.300 kr. (1. fl.), 7.100 kr. í stað 6.400 kr. (2. fl.), 5.300 kr. í stað 4.800 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 565 kr. í stað 510 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*